| Verkefni | Stutt lýsing | Lagagrundvöllur |
|---|---|---|
| **Útgáfa leyfisbréfa kennara** | Taka við umsóknum og gefa út leyfisbréf kennara. Umsjón með skrá yfir þá sem hlotið hafa leyfisbréf. | Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla |
| **Undanþáguheimild - ráðning leiðbeinanda** | Ef enginn kennari sækir um auglýst kennslustarf við grunn- eða framhaldsskóla þrátt fyrir endurtekna auglýsingu geta skólastjórnendur sótt um heimild til að lausráða starfsmann til kennslustarfa til eins árs í senn. Taka við umsóknum og gefa út heimild til að lausráða starfsmann til kennslustarfa að fenginni tillögu undanþágunefndar kennara. | Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla |
| **Undanþágunefnd** | Skipa undanþágunefnd kennara til fjögurra ára í senn. Nefndarmenn skulu vera sex, tveir tilnefndir af heildarsamtökum kennara, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn tilnefndur af heildarsamtökum framhaldsskóla, einn tilnefndur af samstarfsnefnd um háskólastigið og einn starfsmaður Menntamálastofnunar án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt. | Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla |
| **Tilkynning um ráðningu kennsluréttindanema** | Ef umsækjandi leggur stund á nám til kennsluréttinda er skólastjórnanda í grunn- eða framhaldsskóla heimilt, að fenginni staðfestingu og áætlun um námsframvindu, að ráða umsækjanda til allt að tveggja ára. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið kennari og ekki má endurráða hann að afloknum tveimur árum án undangenginnar auglýsingar. Taka við tilkynningum frá skólastjórnendum þegar ráðið er í kennslustarf á grundvelli þessarar heimildar. | Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla |
| **Undanþáguheimild - réttindakennari sem ekki er mælt með** | Ef hvorki skólastjórnandi né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu kennara í kennslustarf getur skólastjórnandi, þrátt fyrir ákvæði 10. gr., óskað eftir heimild til að lausráða annan einstakling sem ekki er með leyfisbréf. Veitt er  heimild til lausráðningar að fenginni umsögn undanþágunefndar kennara og er þá heimilt að ráða viðkomandi í stöðu leiðbeinanda til eins árs. Óheimilt er að endurráða viðkomandi án undangenginnar auglýsingar nema hann leggi stund á nám til kennsluréttinda, sbr. 4. mgr. | Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla |
| **Skrá yfir iðnmeistara, fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla skilyrði reglugerðar um vinnustaðanám nr. 180/2021** | Skrá yfir iðnmeistara, fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla skilyrði sett samkvæmt reglugerð þessari. | Reglugerð um vinnustaðanám /Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 |
| **EURYDICE** | Eurydice er upplýsinganet Evrópusambandsins um menntamál í Evrópu en nær einnig til EFTA-ríkjanna sem taka fullan þátt í starfsemi þess samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ísland hefur verið hluti af upplýsinganetinu frá 1994. | EES-samningurinn |
| **REFERNET** | REFERNET er upplýsinganet sem hefur það markmið að auka söfnun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun í Evrópu. Öll lönd Evrópska efnahagssvæðisins taka þátt í þessu samstarfi og hafa tengiliðir í hverju landi það hlutverk að afla upplýsinga um nýjungar í samstarfsmenntun í sínu land og að koma þeim til Cedefop (miðstöðvar Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar). | EES-samningurinn |
| **Youth Wiki** | Samstarfsverkefni um að safna saman upplýsingum um málefni ungs fólks og koma þeim skipulega og greinilega á framfæri til að betur mætti öðlast yfirsýn yfir þennan viðamikla málaflokk. Verkefnið er víðfeðmt og skiptist í 9 kafla þar sem farið er yfir fjölmarga þætti, s.s. sjálfboðaliðastörf ungmenna, samfélagsþátttöku ungmenna í víðu samhengi, heilsu og velferð ungmenna, tækifæri ungmenna til atvinnu og nýsköpunar og stöðu íslenskra ungmenna í alþjóðlegu samhengi. Verkefnið á rætur sínar að rekja til ársins 2013 er flóttamönnum tók að fjölga verulega í Evrópu. Þótti mikilvægt að kortleggja æskulýðsstarf í Evrópu og þá möguleika sem í boði eru fyrir þá sem standa utan kerfis. | EES-samningurinn |
| **PISA** | PISA - alþjóðleg rannsókn OECD á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. | Nú í lögum um Menntamálastofnun, verður í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla |
| **TALIS** | TALIS rannsóknin er framkvæmd af OECD og er ætlað að fylla upp í þá mynd af skólakerfum landanna, sem þegar hefur fengist úr öðrum alþjóðlegum rannsóknum svo sem PISA. Aflað er gagna frá kennurum og skólastjórnendum á unglingastigi um störf þeirra, vinnuumhverfi og aðstæður. Næsta fyrirlögn verður á vorönn 2023.  Þá verður könnunin einnig lögð fyrir starfsfólk leikskóla. | Nú í lögum um Menntamálastofnun, verður í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla |
| **Söfnun, greining og miðlun upplýsinga um leikskóla** | Söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga um leikskóla. Heimilt að krefja skóla og rekstraraðila þeirra um upplýsingar og gögn sem ráðherra telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu samkvæmt þessari grein á tilteknu formi og innan tiltekinna tímamarka. | Nú í lögum um Menntamálastofnun, verður í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla |
| **Söfnun, greining og miðlun upplýsinga um grunnskóla** | Söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga um grunnskóla. Heimilt að krefja skóla og rekstraraðila þeirra um upplýsingar og gögn sem ráðherra telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu samkvæmt þessari grein á tilteknu formi og innan tiltekinna tímamarka. | Nú í lögum um Menntamálastofnun, verður í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla |
| **Söfnun, greining og miðlun upplýsinga um framhaldsskóla** | Söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga um framhaldsskóla. Heimilt að krefja skóla og rekstraraðila þeirra um upplýsingar og gögn sem ráðherra telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu samkvæmt þessari grein á tilteknu formi og innan tiltekinna tímamarka. | Nú í lögum um Menntamálastofnun, verður í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla |
| **Staðfesting á þjónustusamningi við sveitarfélag vegna sjálfstætt rekinna grunnskóla** | Ráðuneytið skal staðfesta þjónustusamning þegar fyrir liggur að öllum lögbundnum skilyrðum er fullnægt. Ekki má hefja skólastarf fyrr en sú staðfesting liggur fyrir. | Lög um grunnskóla nr. 91/2008 |
| **Viðurkenning einkaskóla á grunnskólastigi** | Viðurkenning grunnskóla eða hluta grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. | Lög um grunnskóla nr. 91/2008 |
| **Viðurkenning lýðskóla** | Veiting viðurkenninga til skóla eða stofnana um viðurkenningu til fimm ára í senn til að starfa undir heitinu lýðskóli. | Lög um lýðskóla nr. 65/2019, 3.gr. |
| **Viðurkenningar einkaskóla á framhaldsskólastigi** | Viðurkenning til kennslu á framhaldsskólastigi. | Lög um framhaldsskóla |
| **Staðfesting námsskráa og námsbrautarlýsinga** | Framhaldsskólar setja sér námsbrautarlýsingar og leggja þær fyrir ráðherra til staðfestingar. | Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 |
| **Ytra mat leikskóla** | Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. | Lög um leikskóla |
| **Ytra mat grunnskóla** | Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. | Lög um grunnskóla nr. 91/2008 |
| **Ytra mat framhaldsskóla** | Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. | Lög um framhaldsskóla |